

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna borgarlínu

Á fundi borgarráðs þann 14. september sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í júní síðastliðnum lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram fyrirspurn í umhverfis- og skipulagsráði þar sem meðal annars var óskað eftir því hvenær áætlað væri að viðræður hefjist um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga annars vegar og viðræður um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga og hins vegar um borgarlínu. Spurt var um samningsmarkmið borgarinnar og hvernig umhverfis- og skipulagssvið teldi að skipta ætti kostnaði. Fyrirspurninni hefur ekki verið svarað. Í ljósi þess að nú liggur fyrir að kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hönnunar- og greiningarfasa borgarlínu sem fram fer á árinu 2017 er líklegur til að tvöfaldast úr 20 milljónum króna í 40 milljónir króna miðað við uppfærðar áætlanir óska fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eftir upplýsingum um þann viðbótarkostnað, hvernig hann skiptist á milli sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu, eða ríkisins ef við á, og á hvaða vettvangi kostnaðarskiptingin var ákveðin.

Svar:

Kostnaður við vinnu tengda undirbúningi að innleiðingu Borgarlínu í svæðisskipulag sveitarfélaganna, og vegna frumvinnu við skoðun á mögulegu fyrirkomulagi innviðauppbýggingar og farþegaþjónustu var á árunum 2014 – 2016 um 34,8 m. króna. Þessi vinna var alfarið fjármögnuð af ríkisframlagi til sóknaráætlunar landshluta. Vinna vegna Borgarlínuverkefna á árinu 2017 mun væntanlega nema um 48 m. króna. Stærsti hluti vinnu ársins 2017 hefur snúist um að ganga formlega frá legu línunnar í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, því viðfangsefni mun ljúka á tilsettum tíma, þ.e. fyrir árslok. Kostnaður vegna vinnu á árinu 2017 er annars vegar greiddur með framlagi ríkisins v. sóknaráætlunar landshluta, og hins vegar með 28,5 m. króna framlagi frá sveitarfélögunum í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna þar um frá aðalfundi SSH 2. desember 2016.

Framlagi sveitarfélaganna var skipt í samræmi við íbúatölur.

Dagur B. Eggertsson